

Reykjavík, 22. júní 2018

/

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Efni: Framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennsli í tilraunaskyni í HE-55

Orka náttúrunnar lagði inn erindi til skipulags- bygginga- og umhverfisnefnd þar sem óskað var eftir framkvæmdaleyfi til að leggja yfirborðslögn frá Gráuhnúkalögn að HE-55 til að hefja niðurrennsli í tilraunaskyni. Erindi ON eru dagsett 13.4.'18, 4.4.'18, 23.3.'18 og 13.3.'18. Þá var umsóknin kynnt á fundi nefndarinnar 15. mars síðastliðinn.

Á fundi skipulags- bygginga- og umhverfisnefndar 16. apríl síðastliðinn var eftirfarandi bókað: „Málið rætt. Lega lagnarinnar skal vera ákveðin í samráði við Hveradali ehf, leigutaka á lóðinni þar sem lögnin fer um fyrirhugað svæði sem skipuleggja á. Samþykkt er að veita tímabundið leyfi fyrir lögninni eins og kemur fram í erindi frá ON. Sett verða skilyrði fyrir frágangi á lögninni í framkvæmdaleyfinu.“

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 27. apríl síðastliðinn að heimila framkvæmdaleyfi fyrir verkinu samkvæmt bókun [skipulags]nefndarinnar.

Hér að neðan er lýsing á framkvæmd verksins, ásamt skilyrðum um tímamörk, frágang og vöktun á skjálftavirkni.

Lýsing á framkvæmd

Yfirborðslögnin mun liggja norðan Suðurlandsvegur frá núverandi niðurrennsli slögn í nánd við Hamragilsveg, meðfram gamla vegslóðanum til austurs, yfir lóð Hveradala og upp á brekkubrúnina. Þar er gert ráð fyrir að lögnin fari undir Suðurlandsveg og liggi með vegslóða til suðurs að holu HE-55 í Hverahlíð, sjá nánar á yfirlitskorti í fylgiskjali.

Yfirborðslögnin er 300 einangruð stálpípa. Hún verður lögð út í einingum af kranabíl og soðin saman á staðnum. Markmiðið með legu lagnar við núverandi vegslóða er að lágmarka allt rask á svæðinu. Lögnin verður lögð á sandpúða með u.þ.b. 12 metra millibili. Sandpúðar þessir verða síðan fjarlægðir þegar komin er niðurstaða í það lögnin verði grafin í jörðu eða fjarlægð. Sett verður malarfarg á lögnina með 200 metra millibili, annars vegar til að tryggja eðlilegar varmaþenslur og hins vegar til að lögnin færast ekki úr lagnarstæðinu.

Frágangur á yfirborði miðar að því að mögulegt sé að fjarlægja yfirborðslögn og ganga frá yfirborðsraski með þeim hætti að sjónræn áhrif hverfi innan skamms tíma frá því að frágangi lýkur.

Á þeim svæðum þar sem hætta getur skapast við lögnina, vegna umferðar, svo sem við Skíðaskálann í Hveradölum og rétt austan við hann verður lögnin grafin í jörðu. Lega lagnar um lóð Hveradala og frágangur hennar var ákveðin í samráði við lóðarhafa eins og sjá má í meðfylgjandi fundargerð ON og Hveradala, sem undirrituð er af báðum aðilum. Þar sem lögnin liggur ofanjarðar meðfram slóðanum austan við Skíðaskálann í Hveradölum verða vegstikur settar, sem og skilti til að merkja lögnina. ON telur þetta fullnægjandi frágang með tilliti til öryggis á svæðinu.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdir við verkið hefjist í júlí 2018 og ljúki í nóvember 2018. Þá er gert ráð fyrir að niðurrennsli í tilraunaskyni í holu HE-55 hefjist í desember 2018. Til að meta árangur af tilrauninni er gert ráð fyrir að nauðsynlegt sé að losun í jörðu standi til júní 2019. eða í 6 mánuði frá því að niðurdæling hefst. Meðan á tilraun stendur má reikna með allt að 100 l/s rennsli í holuna. Ef viðtaka holunnar er í samræmi við væntingar þá munu framkvæmdir við að koma lögninni í jörðu í endanlega staðsetningu hefjast í beinu framhaldi í samráði við sveitafélagið.

Framkvæmd niðurrennslis í tilraunaskyni verður í samræmi við reglur nr. OS-2016-R01-01 um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar á vökva í jörðu um borholur.

Reglur OS kveða á um að áður en losun í jörðu um borholur hefst skuli unnið frummat þar sem tilhöggun á fyrirhugaðri losun er lýst. Tilgangur þess er að meta með rökstuddum hætti hvort líklegt sé að skjálftavirkni fylgi losun á vökva í jörðu og hvort líklegt sé að skjálftar verði það stórir að óþægindi skapist af þeim. Frummat fyrir niðurrennsli hefur þegar farið fram. Niðurstaða þess var að niðurdæling í HE-55 falli undir lið 2 í 4. gr. reglnanna sem segir að hætta á finnanlegri skjálftavirkni er óveruleg. Frummatið er í fylgiskjali. Verklagi ON og ráðleggingum í frummati jarðskjálftahættu verður fylgt og niðurdælingin aukin í hægum skrefum þegar hún hefst. ON starfrækir staðbundið jarðskjálftanet á Hellisheiði til að vakta mjög nákvæmlega jarðskjálfta á svæðinu vegna niðurdælingar.

Að tilraun lokinni verður tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag niðurrennslisveitu við HE-55. Reynist svæðið ekki standa undir væntingum gerir ON ráð fyrir því að fjarlægja yfirborðslögn og endurheimta það land sem fór undir nýja slóða. Reynist svæðið hins vegar fýsilegt fyrir niðurdælingu reiknar ON með því að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir varanlegri lögn í samráði við sveitarfélagið.

Orka náttúrunnar óskar eftir að Sveitarfélagið Ölfus gefi út framkvæmdarleyfi í samræmi við framangreinda bókun bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,
Gunnlaugur Brjánn Haraldsson
sérfræðingur framkvæmdaefirlits.

Heiða Aðalsteinsdóttir
sérfræðingur í skipulagsmálum.